

Listir í Lundi



Frá vinstri: Ragna Richter, Anton Guðjónsson, Eva R. Ingimundardóttir, Ólafur Hilmarsson, Ásdís E. Pétursdóttir og Magnús G. Gunnlaugsson

Hjarta list- og verkgreina í Norðlingaskóla er **Lundur**, óhefðbundin kennslustofa sem gefur ótal möguleika á samvinnu og samþættingu. Teymið samanstendur af sex kennurum í vetur: Ásdís Elva – sjónlistir, Eva Rún – textílmennnt, Magnús – hönnun og smíði, Óli – sjónlistir, Ragna – heimilisfræði, og Anton – tónmennt.

Eins og verið hefur er námskeiðaform á list- og verkgreina kennslunni, nemendur í 1. og 2. bekk eru í listum á föstudögum (heimilisfræði á þriðjudögum), nemendur í 3. - 4. bekk koma á þriðjudögum (heimilisfræði á föstudögum), miðstigið á fimmtudögum og unglingarnir koma í Lund á mánudögum. Í Listum í Lundi kynnst nemendur sérstöðu hvers fags fyrir sig, hvernig fögin eiga sameiginlega fleti, sem og fá útrás fyrir sköpunargleði sinni og styrkja listfimi og verkvit.

Þar sem flæðið er mikið í Lundi er lögð áhersla á að nemendur upplifi sig örugga. Þau læra fljótt hvernig og hvar þau eiga að safnast saman. Nemendur hafa aðgang að skipulagi kennslunnar þegar þau mæta á morgnana og þau fá gott utanumhald þannig að upplifun þeirra verði jákvæð og skapandi.

Einn þáttur í því að yngri nemendurnir upplifi sig örugga er að þau hafa ákveðinn stað þar sem þau setjast í sinn hóp. Þetta gera þau alltaf þegar þau koma á ganginn fyrir framan Lund. Það er svo kennarinn sem sækir hópinn sinn. Með þessu fyrirkomulagi þurfa nemendur ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að mæta á ganginn.

Stundaskráin og hópalistarnir, sem hanga á ganginum við Lund, eru styrkt með myndum sem tákna hvert fag fyrir sig og geta því jafnvel þau yngstu sótt sér upplýsingar um dagskrá dagsins.



Hlökkum til að sjá ykkur,
kennararnir í „Listum í Lundi“.